REGLUR

um varnir gegn sorpmengun frá skipum.

1. gr.

Skilgreiningar.

Í reglum þessum merkir:

Skip: sérhvert fljótandi far, þ.m.t. skíðaskip, svifskip og kafbátar.

Sorp: alls konar matarúrgang, úrgang frá vistarverum og óvinnsluhæfan rekstrarúrgang, þar með taldar umbúðir, að undanskildum ferskum fiski og fiskúrgangi, sem til fellur við eðlilega starfsemi skipa og stöðugt eða öðru hvoru þarf að losna við.

Kvarnaður matarúrgangur: matarúrgang, tuskur, gler og þess háttar sorp sem hefur farið í gegnum kvörn eða mulningsvél og kemst í gegnum 25 mm sigti.

Samningurinn: Alþjóðasamning um varnir gegn mengun sjávar frá skipum frá 1973 ásamt bókun frá 1978 (MARPOL 73/78).

Sérhafsvæði: hafsvæði sem tilteknar reglur um varnir gegn mengun sjávar gilda um, svo sem vegna sérstakra umhverfisaðstæðna, í samræmi við samninginn. Hafsvæðin eru talin upp í viðauka með reglum þessum.

2. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda í mengunarlögsögu Íslands, sbr. skilgreiningu í 3. gr. laga nr. 32/1986 um varnir gegn mengun sjávar.

3. gr.

Losun sorps í sjó.

Losun sorps í sjó, að meðtöldum sérhafsvæðum, er óheimil nema annað segi í reglum þessum. Bannið gildir m.a. um öll þrávirk gerviefni sem fljóta eða mara í sjónum, t.a.m. plastefni, sorppoka úr plasti, kaðla og net.

4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. er heimilt að losa sorp utan sérhafsvæða í sjó eins og hér segir:

a. utan tuttugu og fimm sjómílna frá grunnlínum landhelginnar, skorðunartré og klæðningar- og umbúðaefni sem flýtur,

b. utan tólf sjómílna frá grunnlínum landhelginnar, ókvarnaðan matarúrgang og allt annað sorp, t.a.m. pappír, tuskur, gler, málma, flöskur, leirvörur og annan álíka úrgang sem kemst ekki í gegnum sigti sem hefur göt með 25 mm þvermáli,

c. utan þriggja sjómílna frá grunnlínum landhelginnar, kvarnaðan matarúrgang og þess háttar sorp, t.a.m pappír, tuskur, gler og annan álíka úrgang sem kemst í gegnum sigti sem hefur göt með 25 mm þvermáli.

Ef sorpinu er blandað saman við annan úrgang sem háður er sérstökum ákvæðum laga skal framkvæma losunina samkvæmt þeim ákvæðum sem strangari eru.

5. gr.

Losun sorps í sjó á sérhafsvæðum.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. er heimilt að losa í sjó utan tólf sjómílna frá grunnlínum landhelginnar matarúrgang.

Ef sorpinu er blandað saman við annan úrgang, sem önnur ákvæði gilda um, skal framkvæma losunina samkvæmt þeim ákvæðum sem strangari eru.

6. gr.
Undantekningar.

Ákvæði 3., 4. og 5. gr. eiga ekki við um:

a. losun á sorpi frá skipi ef losunin er nauðsynleg vegna öryggis þess eða þeirra sem eru um borð eða framkvæmd í þeim tilgangi að bjarga lífi þeirra sem eru í sjávarháska.
b. losun á sorpi sem leiðir af skemmdum á skipi eða tækjum þess enda hafi áður og eftir að skemmdirnar urðu, allar þær varúðarráðstafanir sem með sanngirni má krefjast verið gerðar til þess að koma í veg fyrir eða draga úr losuninni.
c. fiskinet úr gerviefnum sem tapast hafa vegna óhappa, þ.m.t. gerviefni til viðgerða á slíkum netum, enda hafi allar þær varúðarráðstafnir sem með sanngirni má krefjast verið gerðar til að koma í veg fyrir slík óhöpp.

7. gr.
Móttökustöðvar.

Hafnaryfirvöld skulu koma upp eða tryggja rekstur viðunandi aðstöðu í höfnum fyrir móttöku á sorpi frá skipum. Aðstaðan skal miðast við þarfir skipa er koma í viðkomandi höfn.

8. gr.
Viðurlög.

Brot gegn reglum þessum varða refsingu samkvæmt XII. kafla laga nr. 32/1986 um varnir gegn mengun sjávar ásamt síðari breytingum.

9. gr.
Gildistaka.

Reglur þessar eru settar samkvæmt 7. gr. laga nr. 32/1986 um varnir gegn mengun sjávar ásamt síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytið, 8. mars 1994.


Össur Skarphéðinsson.

Magnús Jóhannesson.

Viðauki.

Eftirtalin hafsvæði hafa verið skilgreind sem sérhafsvæði í samningum við gildistöku þessara reglna: Miðjarðarhaf, Eystrasalt, Svartahaf, Rauðahaf, Persaflói, Norðursjór, hafsvæðið við Suðurheimskautið og Karíbahaf ásamt Mexíkóflóa. Nánari afmörkun er í viðauka V, (Regulation 5) við samninginn.

Fylgiskjal:


GRÆNLAND
ÍSLAND
FÆREYJAR
200M
25M
12M
3M
SJÓMÆLINGAR ÍSLANDS